

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2017
UST201708-069/A.B.B.
10.05.00

Mat á umhverfisáhrifum - Skólphreinsivirki við Hótel Reynihlíð. Frekari umsögn

Visað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags 13. september sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða byggingu nýs skólphreinsivirkis vegna fyrirhugaðrar stækkunar Hótel Reynihlíðar. Framkvæmdin er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Núverandi fráveita er tvær rotprær og sameiginleg siturlögn. Samkvæmt bréfi LOGOS, dags. 13. september sl. verður hreinsibúnaður fyrir 400 pe. sem er skólp magn sem metið var 20% meira en er nú í kerfinu og muni hann nægja fyrir stækkað hótél og alla starfsemi sem mun tengjast hreinsistöðinni. Fram kemur í greinargerð EFLU frá 3. ágúst sl. að gert sé ráð fyrir að rotprærnar muni verða notaðar sem felliprær í fyrsta þrepi hreinsunarinnar ef þær uppfylla kröfur til eins þreps hreinsunar skólpsins. Auk tveggja þrepa líffræðilegrar hreinsunar með snúningsskífum felist frekari hreinsun á skólpinu bæði í líffræðilegri hreinsun á köfnunarefni og útfellingu á fosfór úr skólpinu. Loks mun skólpið leitt til eftirhreinsunar í núverandi siturbeð neðan vegar. Viðtaki mun því verða grunnvatn en á þessu svæði streymir það í átt að Mývatni. Þetta er gert til að uppfylla kröfur um frekari hreinsun skólps á vatnasviði Mývatns og Laxár umfram tveggja þrepa hreinsun. Í dag uppfyllir fráveita hótelsins ekki þær kröfur sem gerðar eru. Þótt gert sé ráð fyrir að verulegur hluti efna í skólpi verði hreinsaður með nýju skólphreinsivirki er í framkvæmdinni fólgin aukning á starfsemi hótelsins þannig að skólp magn eykst úr 320 í 400 persónueiningar og mun sú aukning auka álag á vatnið að mati Umhverfisstofnunar.

Fráveitukerfi við þéttbýlið í Reykjahlíð

Auknar kröfur eru gerðar til fráveitna í reglugerð sem byggir á lögum um vernd Mývatns og Laxár, lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 450/2009. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur látið vinna tillögu um nýtt fráveitukerfi í Reykjahlíð. Sveitarstjórnin hefur bent á að kostnaður – bæði við fjárfestingu og rekstur – sé verulega íþyngjandi fyrir fámennt sveitarfélag og hefur leitað eftir aðstoð ríkisvaldsins í því sambandi, m.a. í erindi til fjárlaganefndar Alþingis.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu í þéttbýli. Skilgreining á þéttbýli er þó ekki afdráttarlaus í lögum eða reglugerðum og aðstæður við Mývatn eru einstakar að mati Umhverfisstofnunar. Verndargildi er hátt þ.m.t. á alþjóðlegan mælikvarða, staða hins friðaða svæðis viðkvæm, ferðamannastraumur er verulegur og talsvert um ferðaþjónustufyrirtæki. Ljóst er að mati stofnunarinnar að aukið þjónustuframboð á svæðinu er til þess fallið að auka umferð um svæðið og mögulega einnig álag.

Verndarsvæði Mývatns og Laxár

Mývatn og Laxá eru með dýrmætustu náttúruperlum Íslands og er einstakt á heimsvísu. Til að mynda verpa fleiri tegundir anda við Mývatn en á nokkrum öðrum stað í heiminum, vatnið er þekkt fyrir mikla fiskgengd og þar finnst hið sjaldgæfa vaxtarform vatnaskúfs, kúluskítur. Laxá, sem rennur úr Mývatni, er afar lífrík veiðiá sem er auk þess mikilvæg fyrir marga fuglastofna. Samkvæmt skýrslu samstarfshóps um Mývatn kemur fram að í allmörg ár hefur vatnið ekki náð að verða nógu tært í júlí og ágúst til að sæist til botns. Valda því bæði svífþörungur og blábakteríur. Botngróður í meginhluta vatnsins hefur því horfið að mestu á undanförunum árum. Meðal annars hefur vaxtarsvæði kúluskíts rýrnað og viðkomubrestur hefur verið hjá bleikju í Mývatni frá 2000 samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja. Mývatn er auðugt af fosfór frá náttúrunnar hendi og e.t.v. þarf litla viðbót til að valda röskun, t.d. með því að stuðla að auknum blóma blábaktería með tilheyrandi niturbindingu blábaktería.

Vísindaleg þekking og varúðarreglan

Í 8. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafan um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna. Í skýrslu samstarfshóps um Mývatn 2016 segir að mælingar gefi ekki nægilega skýra mynd af þróun mála í gegnum tíðina til að rekja megi breytingarnar með neinni vissu til fráveitna eða aukningar á næringarefnaþengun af mannavöldum á síðustu árum, það þýðir þó ekki að orsakanna geti ekki verið að leita þar. Eins og áður sagði er Mývatn auðugt af fosfóri frá náttúrunnar hendi og e.t.v. þarf litla viðbót til að valda

röskun, t.d. með því að stuðla að fjölgun blábaktería með tilheyrandi niturbindingu. Í varúðarreglu 9. gr. laga nr. 60/2013 segir að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laganna, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skuli leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Umhverfisstofnun bendir á að með mati á umhverfisáhrifum er leitast eftir að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Heildarálag á svæðið

Í 10. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að áhrif á náttúru svæðis skuli meta út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir. Samkvæmt skýrslu samstarfshóp um Mývatn eru sterkar vísbendingar um að fjölgun ferðamanna auki álag á lífríki Mývatns, þ.á.m. um fráveitur þannig að losun næringarefna í vatnið eykst.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægilega ljóst hvert heildarálag á svæðinu sé eða hvað það kann að verða með aukinni fjölgun ferðamanna. Að auki þá er svæðið á Rauðum lista Umhverfisstofnunar, en þau svæði eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að einhverju leyti. Því er margt sem mælir með því að mati Umhverfisstofnunar að framkvæmdir á viðkvæmum svæðum þar sem óvissa ríkir um heildarálag ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir tilgreindar í flokki B og flokki C í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru í flokki A taldar upp þær framkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum og þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tillit til eðlis, umfangs og staðsetningar í flokki B eða C.

Skólphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 100 persónueininga eða meira á verndarsvæðum, svæðum á náttúruinjasrá eða þar sem losað er í viðkvæman viðtaka, að undanskildum þeim er tilgreind eru í flokki A, tölulið 11.04. fellur í flokk B, þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Eins og að framan er getið er afkastageta fyrirhugaðs skólphreinsivirkis áætluð 400 persónueiningar samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila. Skólphreinsivirkið er staðsett á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Framkvæmdin fellur þarf af leiðandi í flokk B.

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í flokki B og flokki C í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru taldar upp þær viðmiðanir sem eiga við mat á framkvæmdum tilgreindar í flokki B og C í 1. viðauka.

Þar kemur meðal annars fram að:

1. Athuga þarf eðli framkvæmda, einkum með tilliti til meðal annars sammögnungaráhrifa með öðrum framkvæmdum.

Eins og áður hefur komið fram þá er óljóst hve heildarálag á svæðið er og kann að verða með aukinni fjölgun ferðamanna. Það gefur til kynna að framkvæmdin skuli frekar háð mati á umhverfisáhrifum en ella.

2. Athuga þarf staðsetningu framkvæmdar með tillit til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á.

Staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar er í um 200 metra frá bakka Mývatns. Að mati Umhverfisstofnunar er það í mikilli nálægð við mjög viðkvæmt og mikilvægt vistkerfi eins og áður hefur verið greint frá. Með tilliti til staðsetningar þá telur Umhverfisstofnun ríkar ástæður til að ætla að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Þegar staðsetning er skoðuð þarf einnig, samkvæmt 2. viðauka, að taka tillit til verndarsvæða, svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlægum og þeirra svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem sérlægum, Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu), friðaðra og friðlýstra tegunda sem og ábyrgðartegunda.

- Mývatns- og Laxárvæðið er verndað með sérstökum lögum nr. 97 frá 9. júní 2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.
- Mývatn og Laxárvæðið hefur verið á lista Ramsar sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði frá árinu 1977.
- Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er Mývatn flokkað undir vistgerðina flatlendisvötn sem er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.
- Kúluskítur, vaxtarform grænþörungsins vatnaskúfs, var friðlýstur sem tegund árið 2006. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja vöxt og viðgang kúluskíts og vernda hann fyrir röskun en hann er mjög sjaldgæfur og hefur fáa þekktu vaxtarstaði hér á landi utan Mývatns. Auk þess er hann viðkvæmur fyrir mengun, s.s. af völdum næringarefna í skólpi og annarri umhverfisröskun.
- Mývatns og Laxárvæðið er mikilvægasta búsvæði bæði straum- og húsanda. Hvorug tegundin verpir í Evrópu utan Íslands og báðar eru skráðar í viðauka

II við Bernarsamninginn. Nánast allur íslenski varpstofn húsandar er bundinn við Mývatn og Laxárvæðið. Ísland ber ábyrgð á þessum tegundum skv. alþjóðlegum samningum og ber skylda til að vernda þær og mikilvæg búsvæði þeirra. Tegundirnar eru báðar skráðar á valista, húsönd sem tegund í hættu en straumönd sem tegund í nokkurri hættu.

Að mati Umhverfisstofnunar er eðlilegt að ætla að framkvæmd í flokki B á svæði eins og Mývatns og Laxárvæðið er, þ.e. er með hátt verndargildi, heyrir undir alþjóðlega samninga, er verndað með sérlögum og er búsvæði friðlýstra tegunda, flokkaðist undir framkvæmd sem ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

3. Hugsanleg áhrif framkvæmdar. Áhrif framkvæmdar þarf að skoða með tillit til meðal annars: Umfangs umhverfisáhrifa, tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði.


Að mati Umhverfisstofnunar ríkir óvissa um þætti sem snúa meðal annars að sammögnun þeirra umhverfisþátta sem talið er að hafi neikvæð áhrif á vistkerfi Mývatns og Laxárvæðisins. Þrátt fyrir að framkvæmdartíminn sem slíkur verði tímabundinn þá er fráveitan til frambúðar.

Áhrif framkvæmdar

Með aukinni hreinsun skólps er framkvæmdaraðili líklega að draga úr umhverfisáhrifum af núverandi starfsemi og breyta hreinsuninni til samræmis við þær reglugerðir sem eiga við. Unnið er að eftirfylgni með núverandi kröfum á vegum heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra. Umhverfisstofnun telur því að meta skuli fyrirhugaða stækkun hótels og fjölgun persónueininga sérstaklega. Mat á umhverfisáhrifum er ferli ætlað til að búa til rými og leiða fram upplýsingar til að meta hvað það er sem hefur áhrif og draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmda.


Umsókn um stækkun Hótels Reynihlíðar

Umhverfisstofnun tekur fram að hjá stofnuninni er fyrirbyggjandi umsókn um leyfi til framkvæmda á verndarsvæðinu vegna fyrirhugaðrar stækkunar Hótels Reynihlíðar. Umsókn um stækkun hótelsins verður ekki afgreidd fyrr en ákvörðun um matsskyldu skólphreinsivirkisins liggur fyrir.



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri